

6/16/2022

Greinargerð um framkvæmd samnings

Þekkingarseturs Suðurnesja við
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Efnisyfirlit

1. Framkvæmd starfsáætlunar	2
2. Rannsóknastarf	2
2.1. Rannsóknaaðstaða	4
3. Styrkt verkefni.....	5
4. Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs	7
4.1. Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki.....	7
5. Ráðstöfun fjárframlags.....	8

1. Framkvæmd starfsáætlunar

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2022 hefur staðist að mestu leyti það sem af er ári og starfið gengið vel. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti starfseminnar.

2. Rannsóknastarf

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum sem áætluð voru á starfsárinu eru í fullum gangi.

Hjá Náttúrustofunni hefur meðal annars verið unnið að rannsóknum á framandi sjávarlífverum við Ísland. Forstöðumaður Náttúrustofunnar, Dr. Sindri Gíslason, er fulltrúi Íslands í vinnuhópi á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES; International Council for the Exploration of the Sea), sem fjallar um flutning og landnám framandi sjávarlífvera um heiminn. Aðildin er mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um málefnið. Vinna Náttúrustofunnar við verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða hefur verið fyrirferðamikil á árinu líkt og því síðasta, en um er að ræða samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, allra náttúrustofa landsins, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þingvallalþjóðgarðs. Náttúrufræðistofnun hefur umsjón með verkefninu en Náttúrustofan sér um vöktun og gagnaöflun á völdum álagssvæðum á Suðvesturlandi. Vinna við verkefnið Vöktun lykilorða íslenskrar náttúru hefur nú jafnframt verið sett af stað samhliða Vöktun náttúruverndarsvæða, og verkfyrirkomulag hið sama, Náttúrufræðistofnun og náttúrustofunnar vinna saman að gagnaöflun. Náttúrustofan mun því tengdu á þessu starfsári, sjá um kortlagningu steingervingasvæða og gróðurvistgerðarinnar sjávarfitjungsvistar, auk vöktunar á hagamúsum og strand- og vatnafuglum á höfuðborgarsvæðinu. Á stofunni er til viðbótar unnið að ýmsum þjónustuverkefnum, smærri rannsókn- og vöktunarverkefnum árið um kring, eins og vöktun bjargfugla, rjúpna, fiðrilda og skólpmengunar auk þess sem stofan vinnur að samstarfsverkefnum með fjölmörgum innlendum og erlendum rannsóknastofnunum, þar á meðal Þekkingarsetri Suðurnesja og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum. Stöðugildi á Náttúrustofunni eru orðin þrjú talsins auk sumarstarfsmanns sem verður þar í sumar. Í sumar verður auk þess meistaranemi frá ENS háskólanum í Lyon hjá Náttúrustofunni að vinna að meistaraverkefni sínu um jarðfræði fuglabjarga.

Hjá Rannsóknasetri HÍ fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum. Áhrif ýmissa efna á krækling og krabbadýr hafa verið rannsökuð með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðanna við umhverfisvöktun metin. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans hafa haldið áfram og sömuleiðis árleg mengunarvöktun fyrir

Umhverfisstofnun þar sem kræklingi er safnað og hann rannsakaður. Rannsóknir á nákuðungi vegna tríbútyltin mengunar úr botnmálningu og athugun á örplasti í lífríki sjávar við Ísland eru verkefni sem Rannsóknasetrið er auk þess að sinna fyrir Umhverfisstofnun. Forstöðumaður setursins, Dr. Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls sérfræðingur, eru í vinnuhópi á vegum ICES er lýtur að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og í AMAP vinnuhópi fyrir hönd Umhverfisstofnunar um plastmengun sjávar á norðurslóðum. Á myndinni hér til hliðar, sem Halldór Pálmar tók, má sjá Dr. Sindra Gíslason forstöðumann Náttúrustofu Suðvesturlands, Dr. Joana Micael líffræðing hjá Náttúrustofunni og Hermann Dreka sérfræðing hjá Rannsóknasetri HÍ, við grjótkrabbarannsóknir á rannsóknaskipi setursins Sæmundi fróða.



Helstu verkefni hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins það sem af er ári hafa snúið að fuglarannsóknum, bæði sem hluti af rannsóknum í samstarfi við aðra og sem þjónustuverkefni fyrir fyrirtæki á svæðinu. Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur Þekkingarsetursins, hefur komið að rannsóknum á áhrifum umhverfis og lýðfræði á farhætti tjalda á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi í samstarfi við Þekkingarsetrið, rannsókn á farhættum og líkamsástandi sanderla og annarra vaðfugla á fari um Reykjanes sem Háskólinn í Groningen í Hollandi stýrir í samstarfi við HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetrið og loks rjúpna- og vetrarfuglatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa nokkur þjónustuverkefni verið unnin, við kornastærðarmælingar og undirbúning vöktunarverkefna.

Sölvi Rúnar vinnur að doktorsverkefni sínu samhliða starfi í Þekkingarsetrinu en rannsókn hans snýr að því að svara brýnum spurningum er varða far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn (*Haematopus ostralegus*) er mjög ákjósanlegt viðfangsefni þeirra rannsókna því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Einstaklingar sem sýna breytilega farhegðun (greinda með ísótópum og einstaklingsmerkingum) parast gjarnan og eignast unga sem geta hvort heldur orðið staðfuglar eða farfuglar. Þetta er einstakt kerfi sem býður upp á mikla möguleika. Þekking á kerfinu hefur verið byggð upp við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi á síðustu árum og hafa Sölvi og Þekkingarsetrið tekið fullan þátt í verkefninu með því að sjá um allar rannsóknir verkefnisins sem snúa að Reykjaneskaga. Mikil sérfræðiþekking hefur skapast í fuglafræðirannsóknum á Suðurnesjum og mun doktorsverkefnið styrkja þá þekkingu enn frekar. Sölvi á hlutdeild í tveimur birtingum ritrýndra greina það sem af er þessu ári og

hefur auk þess haldið erindi á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands og annað á ráðstefnu International Wader Study Group. Ein grein til viðbótar birtist einnig í lok síðasta árs.

Til viðbótar hefur Sölvi ásamt líffræðingum Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs HÍ, tekið á móti nokkrum hópum sem heimsótt hafa Þekkingarsetrið á árinu, kynnt fyrir þeim rannsóknirnar sem unnið er að hjá stofnununum og sýnt þeim rannsóknaaðstöðuna, við góðar undirtektir.

2.1. Rannsóknaaðstaða

Blautrými Þekkingarsetursins hafa verið vel nýtt það sem af er þessu ári. Stærra blautrýmið hefur síðan í lok árs 2015 verið nýtt af fiskeldisfyrirtækinu Stofnfiski, nú Benchmark Genetics, til ræktunar hrognkelsa og hefur leigusamningi verið framlengt út þetta ár. Stofnfiskur byggði upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á vafalaust eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu.

Fyrirtækið Sæbýli ehf. hefur síðan í byrjun árs 2021 nýtt minna blautrými setursins undir sæeyru, í þeim tilgangi að láta þau fjölga sér. Fyrirtækið hefur nú komið upp nýrri aðstöðu í eigin húsnæði og sæeyrun því yfirgefið Þekkingarsetrið í bili.

Vonast er til að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nýti blautrými Þekkingarsetursins á ný en það er þó óvíst. Nýting Tilraunastöðvarinnar hefur verið mjög takmörkuð síðustu ár en hún tók þátt í uppbyggingu blautrýmanna og hefur forgang að notkun þeirra.

Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess eru aðilar að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Verkefnið er fjármagnað með styrk úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins. INTERACT III hófst í janúar 2020 og stendur yfir til ársloka 2023. Eftir fjölmarga fjarfundi á vegum samtakanna síðustu tvö



ár var fyrsti staðfundurinn haldinn í febrúar síðastliðnum í bænum Kilpisjärvi, nyrst í Finnlandi, sem skartaði glæsilegum norðurljósum á meðan fundinum stóð eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. Mæting var mjög góð þó að sumir hafi kosið að sitja fundinn heiman frá sér, en hann var bæði í boði sem stað- og fjarfundur. Næsti ársfundur verður 26. – 30. september hér á Suðurnesjum svo þá munu að minnsta kosti 60 erlendir vísindamenn heimsækja svæðið og Þekkingarsetrið. Forstöðumaður er fulltrúi í matsnefnd INTERACT sem fer árlega yfir þær umsóknir sem berast samtökunum um rannsóknastyrki. Fundur vegna þeirrar vinnu er haldinn í janúar og var hann í fjarfundi í ár. Hverri rannsóknastöð er úthlutað ákveðnum dagafjölda sem nýta má yfir hvert fjögurra ára tímabil til að taka á móti

umsækjendum. Þekkingarsetrið fékk alls 90 daga sem kláruðust í síðustu umsóknalotu og bauð það því ekki upp á möguleikann á heimsóknnum í ár. Vonandi fær setrið úthlutað viðbótardögum fyrir næsta umsóknaferli.

Nú þegar líður senn að lokum INTERACT III og óljóst er hvort að áframhaldandi styrkur frá Evrópusambandinu verði í boði, var ákveðið að stofna formlega samtökin INTERACT Non-Profit Association – INPA. Þekkingarsetrið hefur þegar gerst aðili að þeim og sat forstöðumaður stofnfund samtakanna í fjarfundi sem haldinn var 24. maí síðastliðinn. Alls eru 18 rannsóknastöðvar orðnir meðlimir nú þegar við stofnun en þeim á eftir að fara fjölgandi. Vonir standa til að INPA geti tekið við hlutverki INTERACT þegar þess verður þörf og haldið áfram því mikilvæga starfi sem þar hefur verið unnið í meira en áratug.

Í sumar verður mjög mikið um að vera í Þekkingarsetrinu og gistaðstaða fyrir vísindamenn og skólahópa að fullu nýtt, en þar er nú pláss fyrir 17 manns í gistingu. Aðstaðan hefur nýlega verið endurnýjuð og var nemendahópur frá Slóveníu fyrstur til að nýta hana í byrjun maí þegar 14 nemendur á aldrinum 11-20 ára gistu þar í viku ásamt þremur kennurum. Þrír franskir starfsmennar í sjávarlíffræði verða við störf í húsinu í sumar og nýta aðstöðuna, einn á vegum Náttúrustofu Suðvesturlands og tveir á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Þá verður hér doktorsnemi frá Kanada að aðstoða við fuglarannsóknir Þekkingarsetursins í einn mánuð. Vísindamaður frá Spáni sem komið hefur síðustu ár til að vinna að rannsóknnum sínum kemur aftur í sumar og verður í sex vikur. Þá kemur stór hópur nemenda frá Bandaríkjunum á vegum Wildlands Studies í lok júní og dvelur hér í viku. Þeir munu kynnast svæðinu, starfsemi og aðstoða við fuglarannsóknir. Meistararnemi frá Háskólaþrí Vestfjarða dvelur svo hér allan ágúst mánuð við rannsóknir á marglyttum. Í lok sumars koma þrír vísindamenn frá Ítalíu á vegum INTERACT og dvelja í tvær vikur. Þeir fengu styrk til að vinna að verkefni sínu sumarið 2021 en þurftu að fresta framkvæmdinni þar til nú. Síðasti hópurinn sem mun nýta aðstöðuna þetta sumarið samanstendur af sex svampdýrafræðingum sem koma hingað á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.



3. Styrkt verkefni

Í lok síðasta árs var sótt um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja til að koma verkefninu Hvað á ég að verða? í framkvæmd. Hugmyndin var að gera starfsgreinakynninguna sem haldin hefur verið fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum síðustu ár, að einhverju leyti stafræna í ljósi þess að henni hafði verið frestað tvö ár í röð. Stafræn útfærsla á kynningunni myndi líka gera hana aðgengilega fyrir miklu stærri hóp en þann nemendafjölda á Suðurnesjum sem hún nær

til í dag. Verkefnið hlaut því miður ekki styrk en getur vonandi komið til framkvæmda með einhverjum hætti á komandi árum. Þekkingarsetrið var meðumsækjandi í öðru verkefni sem GaoCamp Iceland stýrir og kallast GeoLab – Færanlegar rannsóknastöðvar á Reykjanesinu. Markmiðið með því er að koma upp færanlegum rannsóknastöðvum með fyrirfram skilgreindum verkefnum þar sem áhersla er lögð á vettvangsferðir á svæðinu, sem skólahópar geta fengið aðgang að. Reykjanes UNESCO Global Geopark er einnig aðili að verkefninu sem hlaut eina milljón króna að styrk úr Uppbyggingarsjóðnum og fer því af stað á næstunni.

Verkefnið sem sjóðurinn styrkti í fyrra, Tjaldarnir okkar – Njósniir í nærumhverfi, er enn í fullum gangi. Verkefnið er unnið í samstarfi við fimm grunnskóla í mismunandi byggðarlögum á svæðinu, Sandgerði, Garði, Keflavík, Innri-Njarðvík og Vogum. Á síðustu árum hefur Sölvi Rúnar, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, sett litmerki á fætur tjalda í varpi. Litmerkin virka eins og kennitala fuglsins þar sem enginn fugl er með sömu uppröðun lita á fótunum. Álestrar síðustu ára á þessum fuglum hafa gefið upplýsingar um vetrarstöðvar þeirra. Verkefnið snéri að því að merkja átta pör tjalda sem ýmist eru staðfuglar eða farfuglar, með GPS staðsetningartækjum í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum fuglanna og lífsháttum yfir eins árs tímabil. Tækin mæla nákvæmlega ferðir, hita og fleiri þætti sem gefa upplýsingar um aðstæður á vetrarstöð sem dæmi, og munu niðurstöður rannsóknarinnar gefa samanburð á lífsháttum þeirra. Það sem af er hafa fengist ítarleg gögn frá 13 af 16 tækjum en hluta vantar að vetri til þar sem tækin fengu ekki öll nægilega orku í gegnum sólar sellu yfir dimmstu mánuði ársins. Fyrstu niðurstöður sýna að allir fuglarnir nema einn stundaði far til Írlands og Bretlands. Eini fuglinn sem hélt til á Íslandi stundaði far að Akkrarósi á Mýrum en sá fugl var sá fyrsti til þess að koma aftur á varpsvæðið. Það bendir til þess að þeir fuglar sem stunda ekki far séu líklegri til þess að vera fyrstir að helga sér óðal. Af þeim fuglum sem stunduðu far þá kom bersýnilega í ljós að flakk fugla á vetrarsvæðum er lítið sem ekki neitt. Þó voru einstaklingar sem héldu til í nokkrar vikur eftir farið áður en þeir færðu sig svo á varanlegt vetrarsvæði. Á vorfarinu fóru fuglar ekki sömu leið til baka og merkilegt var að margir fuglar lentu á Austfjörðum og voru snöggir að fylgja ströndinni alla leið á Reykjaneskagann. Tveir fuglar lentu á Norðausturlandi og þveruðu Ísland í stað þess að fylgja strandlengjunni. Einn fugl hitti ekki á Ísland og flaug þrefalda vegalengd og endaði í Norðvestur Noregi þar sem hann flakkar fram og til baka norður og suður Noreg, oft um hundruð kílómetra á dag, eins og hann sé í leit að Íslandi. Hann virðist ekki reyna að gera tilraun til varps í Noregi og það verður mjög spennandi að sjá hvort hann fari á sömu vetrarstöð eða endi á svipuðum slóðum og norskir tjaldar. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur tjaldur endurheimtist í Noregi. GPS tækin voru sett á báða einstaklinga para til þess að geta skoðað samanburð kynjanna. Sú vinna er enn óunnin en það sem sést nú þegar er að skilnaðir hafa átt sér stað. Eitt parið hefur nú skilið og bæði náð sér í nýjan maka. Makinn sem yfirgaf óðalið er núna verpandi í Keflavík en var áður við Garðskagavita. Skilnaður meðal tjalda er talinn sjaldgæfur en þetta er ein af rannsóknarspurningum verkefnisins, hvort skilnaður sé algengari meðal tjalda sem stunda far eða þeirra sem eru staðfuglar.

4. Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Alls vinna fimm BS, meistara- og doktorsnemar í líffræði að rannsóknum sínum í Þekkingarsetrinu á þessu ári. Árleg vísindaferð líffræðinemenda úr HÍ sem hafði þurft að fresta nokkrum sinnum vegna Covid, varð loks að veruleika í byrjun árs. Þá komu tæplega 40 nemendur í heimsókn til okkar að fræðast um starfsemina og skemmta sér.

Þekkingarsetrið tók haustið 2015 að sér Sóknaráætlunarverkefni tengdu menntun fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) og hefur síðan þá séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum, sem SSS stendur fyrir. Aflýsa þurfti kynningunni síðustu tvö ár vegna samkomutakmarkana en í ár verður hún loks haldin á ný, þriðjudaginn 11. október. Um 700 nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum hafa sótt kynninguna árlega þar sem yfir 100 fjölbreyttar starfsgreinar hafa verið kynntar með miklum glæsibrag. Þegar allir þátttakendur kynningarinnar eru taldir fer fjöldinn yfir 1.000 manns. Mikill stuðningur er ávallt frá atvinnulífinu, bæði litlum og stórum fyrirtækjum hér á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, þegar kemur að skipulagningu kynningarinnar og boð um þátttöku í henni og gera má ráð fyrir sérstaklega glæsilegri kynningu í ár eftir ládeyðu síðustu ára.

4.1. Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Símenntunarnámskeið í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) hafa verið af mjög skornum skammti síðustu tvö ár vegna heimsfaraldurs Covid. Það stendur til bóta og stefnt er að því að halda nokkur námskeið og/eða fræðsluerindi í haust og næsta vetur. Eitt þeirra er kynning á áhugaverðum niðurstöðum rannsóknar Náttúrustofu Suðvesturlands á framandi sjávardýrum í höfnum á Suðurnesjum. Heildarskipulag verður kynnt í haust.

Rúmlega 700 nemendur frá 21 leik- og grunnskóla hafa komið í heimsókn í Þekkingarsetrið það sem af er ári. Árið 2020 fékk Þekkingarsetrið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að þróa betur dagskrá skólaheimsóknanna og var skólum þá boðin upp á aðstoð náttúrufræðikennara í fjöruferð og við greiningarvinnu í setrinu. Þorvaldur Örn Árnason, fyrrum náttúrufræðikennari í bæði grunn- og framhaldsskólum, tók verkefnið að sér og var mjög mikil ánægja meðal skólanna sem tóku þátt í prufukeyrslunni. Þetta var endurtekið í skólaheimsóknum vorsins 2021, og var hópum með færri en 40 nemendur boðin þessi þjónusta. Hún er nú komin til að vera því þetta verður eitt af verkefnum nýs starfsmanns sem ráðinn hefur verið sem verkefnisstjóri fræðslu og miðlunar hjá



Þekkingarsetrinu. Daníel Hjálmtýsson hóf störf nú í byrjun sumars og mun móttaka skólahópa og leiðsögn þeirra bæði í fjöru og innanhúss, og markaðssetning Þekkingarsetursins og þeirra möguleika sem aðstaðan þar hefur upp á að bjóða, verða hluti af starfinu. Utanumhald um sýningar og markaðssetning þeirra einnig, auk fjölmargra annarra verkefna. Vonir standa til að starfsemi setursins verði sýnilegri með tilkomu þessarar nýju stöðu með fleiri heimsóknum, samstarfsverkefnum og frekari tengslum út fyrir landssteinana. Sýningar Þekkingarsetursins eru opnar almenningi í allt sumar líkt og síðustu ár. Aron Rúnar Hill Ævarsson, framhaldsskólanemi, starfar við gestamóttöku á sýningarnar í sumar.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2022.

Tíundi ársfundur Þekkingarseturs Suðurnesja var haldinn 19. maí síðastliðinn. Þar var farið yfir starfsemi og ársreikning síðasta árs auk þess sem starfsáætlun ársins í ár var kynnt. Þá kynnti Dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, rannsókn stofunnar á framandi tegundum í höfnum víðsvegar um landið en fyrstu niðurstöður eru bæði mjög áhugaverðar og sláandi þar sem framandi tegundum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi á síðustu árum.

Ársfundur Samtaka þekkingarsetra (SPS) verður haldinn 22. - 23. ágúst hér í Þekkingarsetri Suðurnesja. Von er á ríflega 20 manns frá setrunum sjö sem eru aðilar að samtökunum, á fundinn sem verður án efa bæði fróðlegur og skemmtilegur.



5. Ráðstöfun fjárframlags

Ráðstöfun fjárframlags hefur að mestu verið eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2022 og má sjá yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins, í samanburði við rekstraráætlun, á næstu blaðsíðu.

Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2022:

	Áætluð gjöld 2022	Áætlaðar tekjur 2022	Gjöld 1.1. – 31.5.	Tekjur 1.1. – 31.5.
Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti		23.100.000		10.000.000
Fjármagn frá Suðurnesjabæ		6.350.000		6.561.190
Tekjur vegna útseldra verkefna		1.250.000		0
Leigutekjur vegna húsnæðis		3.600.000		1.500.000
Tekjur vegna leigu á aðstöðu		8.880.000		3.448.500
Tekjur vegna aðgangseyris		700.000		43.809
Styrkir		2.000.000		0
Starfsmannasjóður og innvextir		70.000		0
INTERACT		200.000		1.136.304
Laun og launatengd gjöld	30.298.000		9.410.956	
Rekstur húsnæðis	13.398.384		5.920.815	
Rekstur skrifstofu	6.031.008		964.057	
Samtals	49.727.392 kr.	46.150.000 kr.	16.295.828 kr.	22.689.803 kr.